



Samræða

Ástin

Framhald samræðu 30.01.07

Ást er...

- Það sem gerir lífið þess virði að lifa því
- Vitleysa, fórn, þrautsegja, áhugi, vesen – en eftirsóknarvert vesen samt sem áður
- Eins og súkkulaði: sykursæt og ómótstæðileg
- Að þykja svo vænt um eitthvað að þú myndir gera hvað sem er til að halda í það

Það er sjálfgefið að allir vilji elska og vera elskaðir (sérstaklega þetta síðara)!!!

Getur maður verið ástfanginn af einhverju sem maður vill ekki vera ástfanginn af?

- Dæmi: kona er nýkomin úr sambandi og treystir sér ekki til að verða ástfangin og byrja strax í nýju sambandi
- Dæmi: strákur verður ástfanginn af strák en vill það ekki af því að hann vill ekki vera hommi
- Það er þá ekki ástin sjálf sem maður vill ekki heldur einhverjar afleiðingar hennar
- Getur maður valið að verða ekki ástfanginn?
- „Ást við fyrstu sýn” – hvað er það?

○ Losti

○ Maður heillast bara af persónunni } Er þetta ekki einmitt það að verða ástfanginn?

○ Er það gagnkvæmt? Ef ekki, er það þá ást?

Getur maður verið of ungur/óþroskaður til að verða ástfanginn?

- Foreldrar eiga það til að segja við börnin sín: „þú veist ekki hvað þú vilt,” „þú veist ekki hvað ást er”
- Það er munur á hvolpaást og þroskaðri ást
 - Er það sami munur og á „ástfanginn ástinni” og „gömlu hjónin leiðast í bæinn ástinni”?
- Það þarf þroska, reynslu, vitsmuni til að elska → ástin breytist með þroska manneskjunnar



Framhald samræðu 02.02.07

Tillögur að umræðu dagsins:

- Skilgreina betur hugtökin: hvað er ást?
- Af hverju þurfum við ást?
- Kærleikur – er þetta nógu skýr skilgreining hjá hópnum? T.d. það að vinna góðgerðarstörf, getur það ekki bara verið af vorkunn?
 - Kærleikur er skynsemi, ást er vitfirring?
 - Væntumþykja er að þykja vænt um einhvern sem maður þekkir - hún er persónuleg

Er ástin tjáð mismunandi eftir menningarheimum?

- USA: “ég elska þig!!!!!!”
- Paris:
- Kossar til að tjá ástina – er það gert alls staðar?
- Múslimsk samfélög
 - Stífar reglur um samskiptin
 - Er ástin öðruvísi? Blæbrigðamunur?
 - Ástin sú saman, tjáningin er öðruvísi?
 - Kemur ástin þar frekar eftir á – eftir að fólk er orðið gift – þau læra að elska?
- Er ástin óslípaður demantur?
 - Eftir mismunandi löndum fær hann mismunandi lögun?
- Hvort ræður meiru um tjáninguna? Einstaklingurinn eða samfélagið?
- Upplifir fólk sömu ást?
 - **Ástfangin ástin? Ástin sem er orðin þroskuð með tíma og samveru?**
 - Hvort er meiri ást?
 - Ástfanginn-ástin = ástfengni: aflið sem grípur
 - Ástin: orðin þroskuð, meiri/öðruvísi ást, er ennþá ástfangin, minni spenna, eðlilegri, ennþá mikil umhyggja, en fólk ekki jafn upptekið hvert af öðru
 - Er þetta mismunandi eftir manneskjum eða pörum?
 - Skiptir einhverju máli hvernig ástin byrjar: af sjálfri sér (fólk finnur aðdráttarafl) eða af því að sambandið er búið til
 - Er þetta mismunandi tjáning eða mismunandi upplifun
- Skilgreina betur hugtökin: hvað er ást?
 - Getum við það 15 ára? Erum við ekki of ung til að vita almennilega hvað ást er?



TILFINNINGASKALINN

Afskiptaleysi

Hatur

Kærleikur

Væntumþykja

Ást

Ástfanginn

